Kennsluáætlun fyrir skólaárið 2026 - 2027

Námsgrein: Íslenska **Árgangur**: 1. bekkur

Kennari: Þorbjörg Erla Jensdóttir **Netfang**: thorbjorg@klaustur.is

Almennt: Hæfniviðmiðin í íslensku eru sett fram í fimm flokkum: Talað mál, hlustun og áhorf, lestur, bókmenntir, ritun og málfræði. Mikilvægt er að líta á hæfniviðmiðin sem eina samfellda heild þó að þau séu í fimm flokkum. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu hæfniviðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfellt ferli og skapandi athöfn, fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni. Nám er samþætt heild sem og íslenskukennslu er hluti af samofinni heild þar sem hver flokkur hefur gagn af hinum, innan og á milli námsgreina og námssviða, sem gefur tækifæri til heildstæðrar verkefnavinnu og samþættingar.

Helstu markmið: Megin tilgangur náms og kennslu í íslensku er að nemendur fái tækifæri til að efla málnotkun, tjáningu og sköpun í töluðu og rituðu máli, nota málið og kynnast mætti þess og fjölbreytileika í daglegu lífi, leik og starfi. Með tungumálinu hugsar fólk, talar, miðlar og lærir, þróar sjálfsmynd sína, tjáir tilfinningar og hugsanir og skilur líðan og hugsun annarra.
Helstu markmið íslenskukennslu í 1. bekk eru að nemendur læri að þekkja bókstafina, bókstafatákn þeirra og hljóð. Nemendur eiga að geta umskráð hljóð stafatákna og myndað orð úr þeim í lestri og ritun. Nemendur læri að draga rétt til stafs og geti skrifað orð og/eða stuttar setningar. Nemendur æfi framsögn og tjáningu frammi fyrir hóp.

Hlekkur á aðalnámskrá https: https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-19-islenska-2024

Námsgögn: Listin að lesa og skrifa 1,2,3 og 4, Lestrarlandið, klípisögur, aukahefti og efni í stafainnlögn, Skrift 1a, leir, lestrarbækur, stílabækur og verkefna-/úrklippubækur ásamt öðrum námsgögnum og ítarefni sem gott er að styðjast við.

Tímabil	Verkefni	Kennsluaðferðir	Tenging við lykilhæfni og hæfniviðmið
Haustönn: Ágúst September Október Nóvember Desember Vorönn Janúar Febrúar Mars Apríl Maí	Listin að lesa og skrifa 1 og 2 Stafainnlögn: Íí Stafainnlögn: Óó, Ss, Áá, Ll Stafainnlögn: Aa, Ii, Rr, Úú, Stafainnlögn: Mm, Uu, Vv, Ee, Oo Stafainnlögn: Nn, Ææ Orðaforðavinna með jólasveinana og vísur Jóhannesar úr Kötlum Listin að lesa og skrifa 3 og 4 Stafainnlögn: Jj, Ff, Éé, Hh, Tt Stafainnlögn: Gg, Ðð, Öö Stafainnlögn: Bb, Ýý, Yy, Þþ Stafainnlögn: Kk, Dd, Au, Pp	Stafainnlögn byrjar yfirleitt með lestri á sögu í bókinni *Lestrarlandinu* eða *klípisaga* Kennari ræðir söguna munnlega og kannar hlustunarskilning nemenda Ritun stafatákns æfð, bæði á töflu og í bók. Skriftarþjálfun Nemendur vinna í vinnubók. Stöðvavinna, þar sem nemendur æfa sig m.a. að leira stafina, finna þá í texta og klippa út, raða stöfum saman í orð o.fl. Vinna með Elkonin box á töflu og í bók. Nemendur syngja stafavísur. Heimalestur og lestur í skóla þar sem nemendur læra að tengja þau stafatákn sem lögð hafa verið inn. Leitast er við að efla orðaforða og málvitund í töluðu máli og með sögulestri. Læra að umgangast bókasafnið.	**Framsögn** beitt skýrum og áheyrilegum framburði **Tjáning** sagt frá atburði eða fyrirbæri, tjáð sig frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu **Hlustun og áhorf** hlustað og horft af athygli á valið efni og greint frá upplifun sinni **Lesfimi** beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæði vel og merking texta komist til skila **Orðaforði** beitt góðum orðaforða við að skilja texta og notað einfaldar aðferðir til að ráða í merkingu ókunnra orða **Lestrarmenning** valið og lesið sér til ánægju fjölbreytt lesefni sem hæfir aldri **Lestur og túlkun bókmennta** unnið með ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum **Skrift og frágangur** dregið rétt til stafs, skrifað skýrt og læsilega og á lyklaborð

	Stafainnlögn: Ei, Ey, Xx	Velja bækur eftir getu og áhugasviði. Sögustund, þar sem kennari les sögu	**Fjölbreytt málnotkun** beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og með orðaforða og málskilningi sem hæfir aldri **Sköpunarkraftur** áttað sig á sköpunarmætti tungumálsins svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki

Námsmat:

• Skilningur á viðfangsefni, frágangur og vinnusemi í tímum, vinnubækur, óformlegar kannanir (símat).

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.